


# Sjálfsmatsskýrsla Flúðaskóla



Flúðaskóli  
2019-2020

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 8. kafla er fjallað um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfsins er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun, tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög og reglur sem og auka gæði náms og skólastarfs og tryggja að réttindi nemenda séu virt.

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Þau skulu jafnframt fylgja eftir að það mat leiði til umbóta í skólastarfi ef þess þarf.

Menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum. Það stendur einnig fyrir samræmdu námsmati í grunnskólum í 4., 7. og 9. bekk.

## Sjálfsmat í Flúðaskóla veturinn 2019-2020

### Ágúst/september starfsmannaviðtöl

Farið yfir stundatöflur og viðveruramma starfsmanna. Samtal stjórnenda og kennara um komandi vetur.

### Nóvember, Skólapúlsinn, nemendakönnun meðal nemenda í 6.-10 bekk

*Í könnuninni mælir Skólapúlsinn: Virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu nemenda, skóla og bekkjaranda auk þess sem nemendum er gefið tækifæri til að lýsa því sem þeim finnst gott og slæmt við skólann sinn.*

Niðurstaða hvers þáttar er annað ýmist meðaltal mæligilda á bilinu 1 til 9 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

## 1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,7	56	0,0	4,7	11.994	0,0
1.2. Þrautseigja í námi	5,2	57	0,1	4,8	12.008	0,4
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,3	58	0,2	5,1	12.227	0,2
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,5	57	-0,0	4,8	12.224	0,7*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,0	57	0,1	4,8	12.017	0,2
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,8	58	0,3	4,7	12.219	0,1

## Umbætur:

Niðurstöður úr þessum þætti eru afar jákvæðar. Markmið skólans er að halda þessum niðurstöðum í næstu könnun.

## 2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,7	58	-0,0	4,6	11.991	0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	5,0	58	0,2	4,6	11.974	0,4*
2.3. Vellíðan	5,0	58	0,1	4,6	12.167	0,4
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	17	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,2	58	-0,3	5,4	12.149	-0,2
2.6. Tíðni eineltis	20,7%	12 <sub>/58</sub>	3,7%	12,9%	1583 <sub>/12106</sub>	7,8%*
2.7. Staðir eineltis	-	10	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	34,5%	20 <sub>/58</sub>	-18,1%	45,6%	5334 <sub>/11809</sub>	-11,1%
2.9. Holt mataræði	4,5	58	-0,6	4,7	11.930	-0,2

Sjálfsálit nemenda skólans er nánast á pari við landið, þeim líður hins vegar betur og upplifa að þeir hafi góða stjórn á eigin lífi. Einelti hefur minnkað frá síðustu könnun og er ívið minna en á landsvísu. Tíðni eineltis er hins vegar mun meiri en almennt er og við því þarf að bregðast.

*Umbætur:*

*Skýringar á hárrí tíðni er að finna á miðstigi. Því þarf að kanna betur líðan nemenda þar og greina niðurstöður nánar. Samhliða þarf að vinna með bekkjaranda, hugtökin einelti, virðingu og vinsemd á stiginu og gefa þessum nemendum sérstakar gætur í frímínútum. Vert er eða leita leiða til að samskiptahæfni og sjálfsmynd þessara nemenda.*

*Tíðni hreyfingar nemenda hefur stórmínkað frá því fyrir ári síðan. Skýringa er einkum að leita í 8. og 9. bekk. Mikilvægt er að skólinn komi þessum niðurstöðum áfram til íþróttahreyfingarinnar með það fyrir augum að geta mætt þessum nemendahópum.*

**3. Skóla- og bekkjarandi**

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,0	58	-	5,0	11.923	0,0
3.2. Samband nemenda við kennara	5,3	58	0,1	5,0	12.114	0,3
3.3. Agi í tímum	5,0	58	-0,1	4,9	12.107	0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,8	57	0,3	5,1	12.084	0,7*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,2	58	-	5,0	12.074	0,2

Þessi liður kemur mjög vel út fyrir Flúðaskóla. Nemendur virðast sáttir við samband sitt við kennara, aga í tímum og samasama sig nemendahópnum til jafns við jafnaldara þeirra á landsvísu. Þá telja þeir sig mjög virka þátttakendur í skólastarfinu og á það við óháð kyni. Nemendur á miðstigi eru á pari við landið en nemendur unglíngadeildar eru yfir, upplifa sig virkari þátttakendur í tímum.

*Umbætur: Fínar niðurstöður sem mikilvægt er að viðhalda.*

**Janúar, kannanir í Mentor**

Allir nemendur svara könnun í Mentor er varða líðan þeirra. Farið yfir niðurstöður og þær ræddar í foreldraviðtölum í sama mánuði.

**Febrúar, Skólapúlsinn foreldrakönnun**

Foreldrakönnunin er send öllum foreldrum sem eru með skráð netfang í Mentor. Könnunin mælir afstöðu foreldra til: *Náms og kennslu, velferðar nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarfs og heimastuðnings. Auk þess gefst þátttakendum*

*tækifæri til að setja fram í opnum svörum hvað þeim þykir gott við skólann og hvað mætti betur fara.*

### 1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,8	53	0,0	5,2	2.573	0,6*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	100,0%	50	14,5%	92,5%	2236 <sub>/2405</sub>	7,5%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	92,3%	48 <sub>/52</sub>	-2,0%	85,3%	2150 <sub>/2506</sub>	7,0%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	85,7%	42 <sub>/49</sub>	3,4%	72,6%	1794 <sub>/2397</sub>	13,1%*

Heilt yfir eru foreldrar ánægðir með nám og kennslu, aga og stjórnun skólans. Rúmlega 92 % foreldra telja að nemendum sé boðið upp á hæfilega þungt námsefni, það hlutfall var tveimur prósentum hærra árið 2015. Engu að síður góð niðurstaða samanborðið við 85,3 % á landsvísu.

85,7 % foreldra telja agann í skólanum hæfilegan sem er 13% hærra hlutfall en gerist á landsvísu.

*Umbætur: Afar hagstæðar niðurstöður sem hvetja til áframhaldandi þróunar í kennsluháttum.*

### 2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,1	57	0,2	5,0	2.470	0,1
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	94,1%	48 <sub>/51</sub>	-1,7%	88,7%	2207 <sub>/2455</sub>	5,4%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	98,1%	52 <sub>/53</sub>	3,9%	91,5%	2386 <sub>/2583</sub>	6,6%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	94,2%	49 <sub>/52</sub>	-1,5%	90,6%	2360 <sub>/2569</sub>	3,6%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	94,1%	48 <sub>/51</sub>	4,1%	90,3%	2316 <sub>/2540</sub>	3,8%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	3,7%	2 <sub>/54</sub>	-7,7%	8,9%	215 <sub>/2548</sub>	-5,2%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	50,0%	4 <sub>/8</sub>	-11,5%	59,5%	216 <sub>/364</sub>	-9,5%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	50,0%	4 <sub>/8</sub>	-3,8%	55,2%	202 <sub>/357</sub>	-5,2%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	88,9%	24 <sub>/27</sub>	25,5%	82,3%	1301 <sub>/1548</sub>	6,6%
2.10. Meðaltímabil eineltis	3,2	8	2,4	1,4	401	1,8*
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	8	-	-	-	-

Almennt séð eru foreldrar mjög ánægðir með hvernig skólinn sinnir velferð og þörfum nemendanna. Yfir 98% telja að börnum þeirra líði vel í skólanum sem er allnokkuð betri niðurstaða en landsmeðaltal. Umfang eineltis í skólanum virðist frekar lítið, á miðstigi virðist einelti þó eiga sér stað og tíðni þess há. Þá vekur einnig athygli að við erum undir landsmeðaltali í liðum 2.7 og 2.8 þar sem spurt eru um ánægju foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum.

*Umbætur: Þegar skólastaf verður komið af stað í haust þurfum við að gera kannanir innan bekkjanna varðandi einelti og reyna að kortleggja hvaða einstaklingar það eru sem þarna er um að ræða svo hægt sé að bregðast við. Þá þarf í kjölfarið að fara í markvissa vinnu eftir eineltisáætlun skólans sem miðar að því draga úr einlelti gagnvart þessum nemendum.*

### 3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	6,1	54	0,3	5,5	2.533	0,6*
3.2. Ánægja foreldra með tómsundabjónustu	5,5	39	-0,1	5,0	1.599	0,5*
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundabjónustu/frístundaheimili	82,7%	43/52	49,8%	63,5%	1693/2508	19,2%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundabjónustu	-	8	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	69,4%	34/49	-29,2%	76,3%	1800/2281	-6,9%
3.6. Notkun á mötuneyti	100,0%	54	0,0%	91,3%	2369/2572	8,7%*

Almennt eru foreldrar ánægðir með aðstöðuna í skólanum. Þátttaka nemenda í tómsundastarfi er há. Ánægja með mötuneyti hefur hriðfallið frá síðustu könnun, verst er niðurstaðan hjá unglingsstúlkum og þar er svarhlutfall foreldra best.

*Umbætur: Af stað fer vinna þar sem stjórnendur og starfsfólk í mötuneyti greina hvað betur má fara, en brýnt er að sú vinna fari fram og umbótaætlun sett fram fyrir næsta vetur.*



## 4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,6	53	-0,3	5,0	2.478	-0,4
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	68,0%	34 <sub>/50</sub>	16,5%	62,0%	1418 <sub>/2189</sub>	6,0%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	76,9%	30 <sub>/39</sub>	-	69,6%	1350 <sub>/1895</sub>	7,3%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	46	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	35	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	96,4%	54 <sub>/56</sub>	-0,7%	95,0%	2361 <sub>/2488</sub>	1,4%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	58	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	73,6%	39 <sub>/53</sub>	37,8%	59,7%	1318 <sub>/2219</sub>	13,9%*
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	85,1%	40 <sub>/47</sub>	5,1%	88,4%	1806 <sub>/2056</sub>	-3,3%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	81,8%	45 <sub>/55</sub>	-2,0%	81,7%	1998 <sub>/2448</sub>	0,1%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	73,6%	39 <sub>/53</sub>	-3,9%	75,6%	1957 <sub>/2522</sub>	-2,0%

Í kaflanum um foreldrasamstarf eru foreldrar beðnir um að taka afstöðu til staðhæfinga sem fjalla um frumkvæði kennara að samstarfi við þá. Niðurstöður er settar fram sem mælitölur með meðaltalið 5. Tala skólans er nú 4,6 sem er 0,2 lægra en í könnun sem gerð var 2015. 0,5 stig teljast lítill munur og 1 töluverður munur. Þetta er ívið lægra en landsmeðaltal. Hins vegar telja foreldrar sig hafa áhrif á ákvarðanir tengdar nemendum og að leitað sé eftir tillögum frá þeim og ábendingar þeirra teknar til greina. Þá má nefna að þegar foreldrar eru spurðir hvort þeir hafi tekið þátt í gerð námsáætlunar fyrir barnið (reiknað hlutfall þeirra sem svara einu sinni eða oftari) er niðurstaðan sú að Flúðaskóli mælist 13,9% yfir meðaltali skóla af svipaðri stærð.

*Umbætur: Hvetja þarf kennara til virkara samstarfs við foreldra t.d. með tíðum upplýsingum af því sem á sér stað í hinu daglega skólastarfi (liður 4,1). Einnig þarf að upplýsa foreldra betur um stefnu skólans og námskrár. Það má gera með því að kynna betur eða senda heim þær upplýsingar sem t.d. er að finna í starfsáætlun og skólanámskrá. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að aðrir liðir samstarfs virðast vera í góðum farvegi og vert að halda þeirri vinnu áfram.*

## 5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,0	58	0,6	5,0	2.523	0,0
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,7	56	0,8	4,6	2.506	0,1
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	77,2%	44 <sub>/57</sub>	-3,7%	76,9%	1693 <sub>/2205</sub>	0,3%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	55,4%	31 <sub>/56</sub>	24,0%	60,2%	1434 <sub>/2388</sub>	-4,8%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	73,3%	33 <sub>/45</sub>	-1,3%	72,5%	1357 <sub>/1848</sub>	0,8%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	13,3%	6 <sub>/45</sub>	-	15,1%	267 <sub>/1848</sub>	-1,8%

Í liðnum heimastuðningur eru niðurstöður heilt yfir svipaðar og í öðrum skólum af okkar stærðargráðu. Undantekning er þó þegar foreldrar eru spurðir hve miklum tíma á dag þeir verja í að aðstoða barnið með heimanámið (reiknað hlutfall þeirra sem verja við það 15 mínútum eða meira á dag) kemur í ljós að 55,4% foreldra telja að svo sé í samanburði við 60,2% á landsvísu. Tíminn foreldra sem fer í heimanámaðstoð hefur þó aukist verulega, eða um 24% frá fyrri könnun.

*Umbætur: Þegar rýnt er í niðurstöður kemur í ljós að foreldrar barna á yngsta- og miðstigi verja að jafnaði lengri tíma með barninu við heimanám en á landsvísu en þessi tími er mun minni á unglingsstiginu. Ekki er óeðlilegt að yngri nemendur þurfi frekar aðstoð heima, en tíminn sem foreldrar verja í heimanám þeirra 11,5% yfir landsmeðaltali hjá yngsta stigi og 16,7% yfir meðaltali hjá miðstigi. Á unglingsstigi hins vegar er þessi tími 3,7% undir landsmeðaltali miðað við sambærilega hópa.*

*Skólinn þarf að skoða vel stefnu sína varðandi heimanám, tímalengd þess og gæta þess að eðlileg samfella sé þar.*

*Sem stendur er nemendum á yngsta og miðstigi boðið upp á einn heimavinnutíma utan skólatíma vikulega og unglingsstigi einn tíma á skólatíma vikulega.*

## Apríl, starfsmannaviðtöl

Í starfsmannaviðtölum er venja að ræða um líðan á vinnustað, vinnustaðabrag og væntingar til komandi skólaárs. Í ár voru aðstæður á annan veg en venja er vegna COVEID-19 og óvenjulegs kennslufyrirkomulag. Viðtölin snéru því nokkuð um líðan líðandi stundar og óskir næsta vetrar.



## Júní, starfs og stýrihópar skila skýrslum

Á skóáárinu eru starfandi; sjálfsmatshópur, heilsueflandi hópur, hópur um tölvur og tækni, hópur um þróunarvinnu og læsishópur.

Í skýrslunum kemur fram hvaða vinna hefur farið fram að frumkvæði hópanna. Í mörgum skýrslanna eru settar fram hugmyndir um nýjar leiðir og ábendingar um það sem betur mætti fara. Stjórnendur setja fram umbótaáætlun með hliðsjón af skýrslunum.